

Sþ.

121. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um veiting héraðsdómaraembætta.

Flm.: Gísli Sveinsson, Þorst. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um veiting embætta héraðsdómara og leggja fyrir næsta þing frumvarp um það efni.

Greinargerð.

Á aðalfundi sínum dagana 22.—26. september þ. á. samþykkti Félag héraðsdómara í einu hljóði og með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna svo hljóðandi ályktun:

„Um mörg undanfarin ár hafa embætti héraðsdómara verið veitt, án þess að nokkrum föstum reglum hafi verið fylgt og stundum með þeim hætti, sem félaginu virðist hafa brotið mjög í bág við þær meginreglur, er það telur réttmætar. Á fundi sínum 1941 samþykkti Félag héraðsdómara eftirfarandi ályktun:

„Fundurinn felur félagsstjórninni að standa á verði um, að veitingavaldið auglýsi með hæfilegum fyrirvara þau héraðsdómaraembætti, er laus verða, og að við veitingu þeirra sé fullt tillit tekið til menntunar, reynslu og embættisaldurs umsækjenda.“

Með því að eigi verður séð, að ályktun þessi hafi borið árangur, ályktar aðalfundur Félags héraðsdómara 1945 að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf og Alþingi að lögfesta þegar á næsta þingi reglur um veitingu héraðsdómaraembætta í samræmi við framangreinda ályktun. Vill félagið leggja til, að áður en embætti þessi eru veitt, verði leitað tillagna nefndar, er skipuð sé þrem mönnum, einum tilnefndum af Félagi héraðsdómara, öðrum af hæstarétti og þriðja af lagadeild háskólans (lögfræðiprófessorum).“ —

Ályktun þessi var afgreidd til hæstv. dómsmálaráðherra, en hann hefur ekki fallizt á að veita henni brautargengi, eins og ætlazt var til, og þykir því rétt að leita til þessa atbeina Alþingis, svo að eigi verði undan skorazt af ríkisstjórn, enda mun nú nauðsyn þess öllum ljós. Héðan af getur málið sjálft þó eigi komið til frekari kasta þingsins fyrr en á næsta ári, en eðlilegast er, að ríkisstjórnin undirbúi það, eins og till. greinir.